

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 44/2004**

**frá 23. apríl 2004**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnus töðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2003 frá 26. september 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32g. **32003 L 0072**: Tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna (Stjtíð. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 25).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/72/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

**Gjört í Brussel 23. apríl 2004.**

**Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar**  
**Formaður**

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 48 og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 25.

(\*) StjómSKIPuleg skilyrði gefm til kynna.

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn                      M. Brinkmann*